

Ed.

239. Nefndarálit

[156. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. felur m. a. í sér framlengingu hækkunar á þessu gjaldi um 6 prósentu-
stig, sem lögð var á með bráðabirgðalögum af ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar
haustið 1979. Þessi hækkun leggur 10—11 milljarða króna skattaálögur á almenning
á næsta ári og er það hluti af um 60 milljarða aukaskatti til ríkisins á þjóðina á
næsta ári, miðað við verðlag fjárlagafrumvarpsins, sem vinstri stjórn Ólafs Jó-
hannessonar og núverandi ríkisstjórn eru ábyrgar fyrir.

Við leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1980.

Lárus Jónsson,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.